

# JEG SIT KYRR

Þreyi jeg enn á ættarjörð,  
jeg sem þó gjarnan vildi flýja;  
því að ánauð og örlög hörð  
mjer enn þá geymdu reynslu nýja.

Æ, þú ert móðir, jeg þitt barn,  
eykonan gamla í norður hafi;  
verm þú mig stundum við þinn arn  
og vef mig síðast skykkjulafi.

Sætt er við þinn að sofna barm,  
sárþreytt að kvöldi lífsins daga;  
vin á ei neinn, er væti hvarm;  
verð jeg þá gleymd – og búin saga.



# TIL FÓSTRU MINNAR

Lifðu í friði, fóstura kæra!  
fylgi þjer ætíð lán og æra  
öll þín lífs ófarin fet;  
hljóttu gleði' í hárrí elli,  
hamingju þína aldrei felli  
nokkurt tímans harmahret.

Líð þú burt sem ljós úr heimi,  
ljóss á vegum Drottinn geymi  
þig við sína hægri hlið;  
nær sál þín þá í sælu' útvaldra  
syngur lofið þúsundfalda,  
fyrir mjer eina bæn þú bið.

Hvar sem að jeg hrekst í heimi,  
hugur minn þjer aldrei gleymi;  
nákvæm móðir mjer þú varst.  
Jeg er hin sanna Júlíana,  
jörð er þekkir byrðar grana,  
og sem barn á örmum barst.



# KAFFILOF

Kaffi hátt skal hrósið veitt  
heims um áttir kunnar;  
það hefur máttug rjett til reitt  
ríklund náttúrunnar.

Hreinsar blóðið, hita ljær,  
hroll frá þjóðum tekur,  
svalar móðum, svita' út slær,  
sálir hljóðar vekur.  
Eyðir doða, aflar mörs;  
hroll frá þjóðum tekur,  
svalar móðum, svita' út slær,  
sálir hljóðar vekur.

Eyðir doða, aflar mörs,  
ei hef jeg skoðun ranga-  
mörgum boðar fylling fjörs,  
færir roða' á vanga.

Hrindir leti, herðir kapp;  
hvað mun betur þakkað?  
Kaffi met jeg mesta happ,  
meðan get það smakkað.



# ÍSLAND

Eldgamla ísafold,  
ófrjósöm þín er mold,  
blásin og ber;  
næðir af norðanvind'  
nágola' um snjófgan tind;  
ást þinna barna blind"  
býr samt hjá þér.

Höfuðið hvítur snjár  
hylur og jökull grár,  
björg hamra brýr;  
allvíða' átt' ómjúk  
eldraun í brjóstadúk;  
hafís um boginn bók  
belti þér snýr.

Kveða oft kaldar spár  
koldimmar jöklagjár,  
barinn brimskafli;  
fannhvít hann froða knýr,  
fjallhá sem báran spýr;  
hræfugl sitt hreiður flýr,  
hræðist slíkt afl.

Hversu sem hnýpinn mög  
hirta þín jelja drög  
brjóst þín við ber,  
ef hann, þér farinn frá,  
framandi' er þjóðum hjá,  
harmandi af hjarta þá  
heim óskar sjer.

Hvað er sem hann knýr heim  
hættan um báru geim  
að fá þinn fund?  
Hann þráir fanna fald  
og fornra rúnaspjald  
sem ramlegt rafurvald  
hans rykki mund.

Í brjósti hans á byggð  
þín brennheit ást og tryggð;  
hart hetju blóð  
rennur hans æðum í,  
örlaga' ei hræðist ský;  
fóstra! þér fæðist því  
frjálslýndust þjóð.



# VIÐ DÚNHREINSUN

Dimmt er í dýflyssu  
dúns og svælu;  
sit jeg einmana,  
súrnar í augu  
ramur reykur  
rauna minna  
þrýstir að brjósti,  
en þreytist höndin.

Undir raula  
rámir strengir  
harmatölur

hljóðlauss muna.  
Finn jeg nú glöggt  
að fáir eru mínir;  
horfinn er mjer heill,  
en harmur vakinn.

Vitjar mín enginn,  
voga jeg ei þangað  
sem jeg áður  
athvarf hugði;  
fokið hefur  
fönn í skjólið  
fram af élóttum  
jökul skalla.

Á jeg þó skjól,  
sem aldrei bilar  
þangað minn andi  
þreyttur flöktir.  
Lát þú mig ekki,  
ljúfi Drottinn!  
missa það hæli,  
meðan jeg lifi.



# NÝJA BLEKIÐ

## GAMANVÍSUR UM LÍTINN DRENG.

Nú skal reyna nýja blekið,  
náttúrliga' úr búðinni tekið;  
en höfum ekki hátt um það!  
mjer verður stundum flest til fanga,  
jeg fjekk að kyssa' hann litla Manga,  
og varð mjer að góðu', en veistu hvað?

Hann var ungur yngispiltur,  
en svo blíður, hreinn g stilltur,  
saklaus æska' í augum hlær;  
laglegasta lipurmenni,  
lítill vexti og sviphýrt enni,  
hefur brúna blysin skær.

Man jeg nokkuð – mjer er vikið,  
að minnast á horfna augnablikið,  
er aldrei framar koma kann.  
Skein úr augum broshýr borgun  
til Billu sem hann vakti' í morgun,  
og lit hún brá, er leit á hann.

Hún er og á æsku skeiði,  
eins og sunna björt í heiði,  
í gáfuðum augum gleðin skín;  
og minna kann það vera varla  
en verði jeg hann mág að kalla;  
því fljóðið það er frænka mín.

Það er að segja' ef allt fer svo  
eins og jeg helst vona,  
að hún bíði eptir hal.  
Verði' eg lífs þann vígsludaginn,  
vil jeg margan yrkja braginn;  
því hjónaskál þeim helga skal.



# SÓLARUPPRÁS

Sól af austurstraumi stígur,  
stafar geislum djúpin blá,  
dagsins himnesk drottning flýgur  
dýrðleg gullnum vængjum á;  
dimma grímu geisli hrekur,  
glaður kyssir dal og hól;  
alla þjóð til orku vekur  
eilíf – fögur morgunsól.



# Á RÆÐUPALLI

Mjer kennið ráð, þess krefur þörf  
er kem jeg fyrir heiminn,  
á jeg að vera upplitsdjörf  
eða á jeg að sýnast feiminn?  
Sjálf jeg hlýt að svara mjer  
frá sálar minnar djúpi,  
jeg kem til dyra eins og er  
í engum dularhjúpi.





# Í BARN S MINNI

Á fögrum hóli fossi hjá  
fyrstu ól jeg tíðir,  
tíndi fjólu, baldursbrá,  
blágras, sóley, víðir.

Í helli bak við háan foss  
hljóp jeg vakin gleði,  
hann mjer saklaust sætum koss  
seiddi klaka úr gleði.

Stundi af móði harpan hans,  
hrundi ljóðakliður,  
kvað hann óðinn elskugans  
unga fljóðið viður.

Þar jeg undi létt í lund,  
löðrið hrundi í straumum,  
varla mundi værri stund  
vökubundin draumum.



# EITT ORÐ TIL ÍSLANDS

Alla lotning, trú og tryggð  
til þín stíla í kvæði,  
fjalladrottning, blómlega byggð  
brjóst þín skryði og klæði.

Hlíðar bjartar, fjöll og foss,  
Fóstursorð á minni,  
Síðan hjartans kærum koss  
kveð jeg hinsta sinni.

Fái skýli hrörlegt hold,  
holds þá dvína stundir,  
þrái jeg hvílu minni mold  
moldum þínum undir.

Slæðast árin burtu beint,  
bræðist snjárinn harma,  
græðast sár, en löngum leynt  
læðast tár á hvarma.



# SPAUGVÍSUR

## VIÐ STÚLKU.

Þú hrundin guls með hárið fagurgyllta!  
það hugsa til þín ótal margir piltar;  
þeir mæna mjóum augum  
og með sjer tala hljótt:  
Jeg er af henni hrifinn,  
mitt hjarta' er ekki rótt.  
Fengi' eg snót, farsæll yrði' eg lengi;  
fengi' eg snót, fyndi' eg yndlis gengi,  
fengi' eg snót.

En hrundin guls með hárið fagurgyllta!  
þú hugsar ekki neitt um þessa pilta;  
þú brýtur í þeim bakið  
og biður þá lifa vel,  
og aumingjarnir æja  
með angrað hugarþel.  
Augun þín opt þá urðu skrítin;  
augun þín engin hafa lýtin,  
augun þín.



# LANGLOKA

## UNDIR NAFNI KARLS TIL STÚLKU.

Blessunin mín blíða!  
bæri' eg engan kvíða,  
fengi eg þig, fríða  
foldin linna hlíða!  
jeg ljeti' ei lengi bíða  
landsum grundu víða  
að venju vaskra lýða  
til vígslunnar að ríða;  
jeg mundi hestinn hýða,  
hann skal veginn skríða,  
en brúðurin bekkinn prýða,  
blómarósinn þýða;  
jeg ljeti lunda skíða  
lokrekjuna smíða;  
blund þar skyldum bíða,  
blessunin mín fríða!  
búskap byrja síðan  
og boði Drottins hlýða.



# LANGLOKA

MAÐUR SEM VAR AÐ BIÐJA STÚLKU, ÁTTI BLEIKA HRYSSU, SEM HANN VILDI  
GEFA HENNI OG VAR ÞÁ SAGT AÐ VEL GENGI.

Ekki horfir í einn leik  
ormabeða hrund keik;  
ef í staðinn býðst Bleik,  
blíðan gjörðist óveik.  
Logar ástar á kveik,  
efa slær í burt reyk;  
hetjan, sem var hálsmeik,  
hlær nú, því ei von sveik.



# ÖLVÍSA

JEG VAR BEÐIN AÐ GJÖRA DRYKKJUVÍSU UNDIR LAGINU:  
KOM, MINN BAKKUS, KOM MÍN NUNNA!

Kæmi Bakkus, kæmi nunna,  
kæmi harpa' og skemmti dreng,  
sypi' eg ölsins svala brunna,  
svanna kyssti' og ljeki' á streng;  
gleði sólin hýr í heiði  
heitast mundi skína þá,  
mjer og allar lífsins leiðir  
ljettar finnast jörðu á.

